

Ár 1989, miðvikudaginn 19. apríl var í málínu nr. 2/1988 kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R

Í byrjun maímánaðar 1988 barst Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi bréf dags. 5/5 1988 undirritað af frú Jóhönnu Tryggvadóttur stjórnarformanni í Heilsuræktinni í Glæsibæ, Álfheimum 74, Reykjavík:

" Fyrir hönd Heilsuræktarinnar í Glæsibæ óska ég undirrituð eftir endurupptöku á kæru Heilsuræktarinnar vegna óréttmætrar álagningar fasteignagjalda. Nú liggja fyrir gögn þau er nefndina vantaði, er kæran var tekin fyrir. Starfsleyfi stofnunarinnar liggur fyrir og verða boðsend væntanlega í dag. Einnig kærir undirrituð álögð fasteignagjöld álögð frá þeim tíma til dagsins í dag."

Í framangreindu bréfi ræðir kærandi um úrskurð Yfirlasteignamatsnefndar, dags. 5/11 1986.

Í niðurlagi hans segir m.a.: "Gegn andmælum Reykjavíkurborgar hefur heldur ekki verið synt fram á, að Heilsuræktin hafi fullnægt skilmálum leyfisbréfs félagsmálaráðuneytisins frá 5. apríl 1976.

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, er það niðurstaða nefndarinnar, að ekki liggi fyrir fullnægjandi gögn um, að Heilsuræktin reki endurhæfingarstöð, sem uppfylli lagaskilyrði 5. gr. laga nr. 73/1980 fyrir undanþágu frá fasteignaskatti. Ekki verður heldur séð að önnur undanþáguákvæði 5. gr. eigi við í máli þessu."

Í málínu, sem nú er til úrskurðar, liggja frammi gögnin úr fyrra málínu, auk viðbótargagna og upplýsinga, sem aflað hefur verið.

Í málínu, sem nú er til úrskurðar, snýst ágreiningurinn um það, hvort Heilsuræktinni sé skyld að svara fasteignaskatti af fasteign sinni að Álfheimum 74 í Reykjavík árin 1984 til 1988 að báðum meðtoldum.

Í bréfi Heilsuræktarinnar dags. 16. júní 1986 segir meðal annars:

" Heilsuræktin - sjálfseignarstofnun - ekki í einkaeign - leitar úrskurðar Yfirlasteignamatsnefndar um gjaldskyldu Heilsuræktarinnar, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga 73/1980.

Heilsuræktin starfrækir löggilta endurhæfingarstöð á starfsleyfum frá Heilbrigðis- Trygginga- og Félagsmálaráðuneyti (hjál. fylgiskjöl).

Stöðin er ekki rekin í ágóðaskyni.

Heilsuræktin óskar eftir úrskurði um niðurfellingu fasteignagjalda."

Efnislega eru þessar málsástæður endurteknar í greinargerð umboðsmanns kæranda dags. 23/8 1988.

Reykjavíkurborg mótmælir því, að Heilsuræktin njóti undanþágu frá fasteignaskatti, í bréfi borgarinnar dags. 30/6 1986 segir m.a.:

"Vísað er til bréfs yðar dags. 18. júní s.l. (1986) þar sem sent var til umsagnar erindi Heilsuræktarinnar, Álfheimum 74, hér í borg um niðurfellingu fasteignaskatts.

Eins og fram kemur í ljósritum bréfa, sem erindinu fylgdu, hefur Heilsuræktinni verið veitt leyfi til starfrækslu endurhæfingarstöðvar. Hins vegar er slík stöð ekki rekin á vegum stofnunarinnar þar eð ekki hefur tekist að fá henni menntað starfslið, sem heilbrigðisyfirvöld gera kröfu til að starfi á slíkum stofnunum. A.m.k. var það staða málsins fyrir nokkrum vikum, þegar synjað var beiðni Heilsuræktarinnar um niðurfellingu fasteignaskatts.

Þar til Heilsuræktin fullnægir öllum skilyrðum hvað þetta snertir, verður litið á starfsemi hennar sem starfsemi hverrar annarar líkamsræktaraðstöðu, en margir reka nú slika aðstöðu hér í borg.

Forstöðumaður Heilsuræktarinnar hefur um margra ára skeið átt í stappi vegna þess að honum hefur eigi tekist að fá menntaða sjúkraþjálfara til starfa nema um skamman tíma síði upphafi starfsemi sinnar. Þar með hefur starfsemin ekki getað uppfyllt sett skilyrði fyrir leyfi til reksturs endurhæfingarstöðvar. Sú leikfimi fyrir aldraða sem rekin hefur verið á vegum Heilsuræktarinnar nægir eigi til þess að kalla starfsemina endurhæfingu og það eigi heldur, þótt um hana sé notað hugtakið " fyrirbyggjandi endurhæfing ", sem forsvarsmaður heldur mjög á lofti. Slikur samsetningur hefur í sér fólgna þversögn sem eigi þarf að skýra nánar."

Í bréfi til Yfirlasteignamatsnefndar, dags. 18/5 1988, vísað umboðsmaður Reykjavíkurborgar alfarið til greinargerðar sinnar dags. 30/6 1986, sem tekin var upp í úrskurð pennan að hluta hér að framan.

II.

Í máli þessu liggur nú frammi leyfisbréf Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til Heilsuræktarinnar í Glæsibæ, Álfheimum 74, dags. 10/11 1987 svohljóðandi:

" Í samræmi við umsögn og meðmæli landlæknis heimilar ráðuneytið hér með starfrækslu þjálfunar- og endurhæfingardeildar í húsakynnum Heilsuræktarinnar að Álfheimum 74, Reykjavík.

Leyfi þetta er bundið því skilyrði, að við meðferð sjúklinga starfi sjúkrabjálfarar með starfsréttindi og að öll meðferð sé eftir fyrirmælum læknis, sem stofnunin ræður til starfa við deildina."

Eins og sjá má er starfsleyfi þetta ótímaþundið, en það er háð tveimur þýðingarmiklum skilyrðum. Svo mun einnig hafa verið um fyrri starfsleyfi. Skilyrðin eru þessi:

- 1) að við meðferð sjúklinga starfi sjúkrabjálfarar með starfsréttindi.
- 2) að öll meðferð sé eftir fyrirmælum læknis, sem stofnunin ræður til starfa við deildina.

Að álti Yfirlasteignamatsnefndar hlýtur því niðurstaða úrskurðar í máli þessu að byggjast m.a. á því, hvernig tekist hefur til á árunum 1984 til 1988 að uppfylla framangreind skilyrði.

Í málinu liggur frammið bréf Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra dagsins 29/11 1985. Þar er sjúkrabjálfaranum Antonio M. Ferao-Grave veitt leyfi til þess að starfa á Íslandi sem sjúkrabjálfari til 1/12 1986. Leyfi þetta hefur verið endurnýjað. Lögmaður Heilsuræktarinnar hefur haldið því fram í gögnum málsins, að sjúkrabjálfari þessi hafi starfað óslitið hjá Heilsuræktinni frá því að hann kom til landsins haustið 1985 og fram á þennan dag. Þessu hefur ekki verið andmælt af lögmanni Reykjavíkurborgar. Yfirlasteignamatsnefnd telur því að nefndur sjúkrabjálfari hafi starfað óslitið hjá Heilsuræktinni með fullum starfsréttindum frá 29/11 1985 og fram á þennan dag.

Bann 23/9 1988 skoðaði Yfirlasteignamatsnefndin húsakynni Heilsuræktarinnar og kynnti sér alla starfsaðstöðu þar. Þá var áðurnefndur sjúkrabjálfari á staðnum klæddur vinnuklæðum sjúkrabjálfara.

Nefndarmenn ræddu við sjúkrabjálfarann, bæði um starf hans og fleira. Hann kom ágætlega fyrir og leysti greiðlega úr spurningum. Hann talar bæði ensku og íslensku, auk móðurmáls síns.

Fyrirkomulag læknispjónustunnar hefur yfirleitt verið með þeim hætti, að heimilislæknar hafa sent sjúklinga sína til meðferðar hjá Heilsuræktinni skv. sérstökum beiðnum (tilvisunum). Til er sérstakt eyðublað undir þessar beiðnir. Form þess gerir ráð fyrir, að læknar gefi þar ýmsar upplýsingar um sjúklingana, svo sem um heilsufar, hreyfigetu, lyf notuð að staðaldri o.fl. Loks undirrita læknarnir beiðnirnar.

Þar sem í Yfirlasteignamatsnefnd er enginn læknisfróður maður, og í máli þessu er fjallað m.a. um hrein læknisfræðileg atriði, ákvað nefndin að skrifa borgarlækní ítarlegt bréf, og fá álit hans á starfsemi Heilsuræktarinnar yfirleitt, og einkum um tvö framangreind skilyrði, sem greind eru í leyfisbréfi ráðherra, en eftirlitið með starfsemi af þessu tagi heyrir einmitt undir borgarlækní. Bréf þetta var dags. 7/10 1988. Borgarlæknir svaraði með ítarlegu bréfi dags. 25/11 1988. Svarbréfi borgarlæknis lýkur með þessum orðum:

" Nýleg athugun míni á rekstri endurhæfingardeildar Heilsuræktarinnar í Glæsibæ gaf ekki tilefni til athugasemda."

Samkvæmt framanrituðu; telur Yfirlasteignamatsnefndin ljóst, að bæði skilyrði ráðherrabréfsins frá 10/11 1987, og fyrri ráðuneytabréfa, hafi verið uppfyllt frá og með 29/11 1985, þegar Antonio M. Ferao Grave hafði fengið í hendur leyfisbréf Hellbrigðis- og tryggingamálaráðherra, til þess að starfa sem sjúkrabjálfari á Íslandi.

Hina almerinu reglu um fasteignaskatt er að finna í 3. gr. laga nr. 73 frá 1980. Þar segir í 1. mgr. " Á allar fasteignir, sem metnar eru fasteignamati, sbr. þó 5. gr., skal árlega leggja skatt til sveitarfélags, þar sem fasteignin er. " Í 5. gr. sömu laga eru taldar upp helstu undantekningar frá aðalreglunni. Í 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 er að finna nánari skýringar á framangreindri 5. gr. 1. 73/1980. Samkvæmt almennum lagaskýringareglum ber að skýra undantekningar frá aðalreglum þróngt.

Á meðal þeirra fasteigna, sem undanþegnar eru fasteignaskatti skv. 5. gr. 1. 73/1980 og 6. gr. rlg. 320/1972 eru endurhæfingarstöðvar. Undanþágan er þó bundin þessum skilyrðum:

- 1) að húsnæðið sé í eigu þess aðila, sem tilgreinda starfsemi annast.
- 2) að ekki sé um rekstur í ágóðaskyni að ræða.
- 3) undanþágan nær ekki til húsnæðis, sem notað er til atvinnurekstrar (o.fl. upptalið). Tekið skal þó fram að leggja má fasteignaskattinn á hlutfallslega miðað við afnot, ef húsnæðið er bæði notað til atvinnurekstrar og starfsemi, sem undanþegin er fasteignaskatti. Ekki er annað vitað, en að framangreind skilyrði séu uppfyllt hvað Heilsuræktina varðar. Hinu gagnstæða hefur ekki verið haldið fram af lögmönnum Reykjavíkurborgar, hvorki í skriflegum greinargerðum eða í munnlegum málflutningi.

Um málefni fatlaðra gilda lög nr. 41/1983. í 2.gr. þeirra laga er að finna skilgreiningu á fötlun. Sú skilgreining er ekki eins augljós og æskilegt væri. Lögin fjalla m.a. um hæfingu og endurhæfingu fatlaðra.

Þann 27/2 1976 gerðu Sjúkrasamlag Reykjavíkur og Tryggingastofnun ríkisins skriflegan samning við Heilsuræktina um sjúkrabjálfun í sjúkdómstilfellum. Þetta er ítarlegur samningur. Því er ómótmælt haldið fram, að hann sé ennþá í gildi, og vist er, að Heilsuræktin hefur móttekið greiðslur frá þessum aðilum nýlega.

Hinn 15. mars 1976 gerði Reykjavíkurborg samning við Heilsuræktina í Glæsibæ um að veita íbúum Reykjavíkur eldri en 67 ára sjúkrabjálfun og endurhæfingu í formi hóppbjálfunar. Þjónusta þessi skyldi veitt með þeim hætti að fullnægt væri skilmálum samnings Heilsuræktarinnar annars vegar og Sjúkrasamlags Reykjavíkur og Tryggingastofnunar ríkisins hins vegar, dags. 27. janúar 1976. Reykjavíkurborg greiðir samkvæmt samningi þessum 40% þess gjalds sem fyrir meðferð á að koma. Samningur þessi var endurnýjaður með samningi sömu aðila 23. janúar 1980. Það nýmæli er í síðari samningnum að Reykjavíkurborg innir af hendi sérstaka greiðslu "vegna aðstöðu til hvíldar fyrir sjúklinga".

Borgarlæknirinn í Reykjavík sendi í nóvember 1976 dreifibréf til lækna í umdæmi sínu til að kynna hinu nýju þjónustu. Í upphafi þessa bréfs segir:

"Flest aldrað fólk á við að stríða ýmis vandamál í sambandi við vöðva og stoðkerfi. Þessi vandamál geta ýmist verið orsök eða afleiðing lítillar líkamshreyfingar eða -þjálfunar.

6

Hreyfivenjur eldra fólks mótaðast mjög af þessu, fáir ástunda líkamsáreynslu að ráði og til langframa eru afleiðingarnar vöðvarýrnun og úrkölkun úr beinum. Hreyfingaleysi og skortur á útiveru hefur og að líkendum áhrif á járbúskap, þannig að dregur úr skorti á vilja til hreyfinga og áreynslu."

Í niðurlagi bréfsins segir enn fremur:

"Hjálögð eru eyðublöð, sem send eru heimilislæknum til útfyllingar vegna þeirra sem þeir teldu að gætu haft gagn af þessari meðferð. Ég leyfi mér að leggja áhreslu á, að sem flestum verði gefinn kostur á að reyna þessa nýjung."

Þessum samningum hefur verið sagt upp, en Reykjavíkurborg greiðir ennþá reikninga frá Heilsuræktinni fyrir sömu eða mjög svipaða þjónustu og áður, nú síðast í ársbyrjun 1989. Borgin hefur greitt 40% fjárhæða reikninga af þessu tagi. Á umræðustigi er nú greiðsla fyrir baðþjónustu skv. upplýsingum í bréfi Borgarlæknis dags. 15/2 1989, en fyrir hana hefur Reykjavíkurborg einnig greitt áður.

Það er engan veginn auðvelt að greina milli endurhæfingar í skilningi laganna um málefni fatlaðra og almennrar þjálfunar og líkamsræktar. Það mun þó óumdeilt að einstaklingsbundin sérfraðileg meðferð hjá sjúkrabjálfara eftir slys eða veikindi sem leitt hafa til löskunar á hreyfifærum líkamans telst til endurhæfingar jafnt í lagalegum skilningi, sem almennri máltsúlkun. Öðru máli kann að gegna um ýmsa hópmæðferð, ekki síst hópmæðferð aldraðra, þar sem erfitt getur verið að greina milli orsaka og afleiðinga sbr. áður nefnt bréf Borgarlæknisins í Reykjavík.

Á árum áður rak Heilsuræktin í Glæsibæ almenna líkamsræktarstarfsemi jafnframt endurhæfingarstarfseminni skv. samningum við opinbera aðila. Nefndinni er tjáð, að sú starfsemi hafi hætt 1983. Allir möguleikar eru fyrir hendi í núverandi húsnæði til þess að reka slika starfsemi þar jafnframt endurhæfingunni. Vægast sagt hefur gengið treglega að fá traustar upplýsingar um rekstur Heilsuræktarinnar undanfarin ár og verður ekki sagt, að þær séu ennþá fyrir hendi.

Bókhald virðist ekki hafa verið fært með eðlilegum hætti í nokkur ár. Þegar rekstrarreikningar fyrirtækisins fyrir árin 1986 og 1987 bárust í janúar 1989, báru þeir með sér, að starfsemin hafði verið smá í sniðum.

Árið 1986 námu laun og launatengd gjöld kr. 475.843,-, annar rekstrarkostnaður kr. 1.184.147.02. Tekjur af rekstri voru aðeins kr. 477.157,33. Árið 1987 námu laun og launat. gjöld kr. 662.245,-, annar kostnaður kr. 832.897,90. Tekjur voru kr. 488.910,03.

Ætla verður, að tilgangur löggjafans með undanþágu frá fasteignaskatti hafi verið sá, að aðeins eðllilega reknar stofnanir nytu fullrar undanþágu, þegar litið er yfir nokkur ár. Því er óhjákvæmilegt að ótraust bókhald og upplýsingar um slaka nýtingu húsnæðis í allmögum ár hafi veruleg áhrif á niðurstöðu þessa úrskurðar.


Heimildarákvæðið til undanþágu frá fasteignaskatti í lögum nr. 73/1980 ber samkvæmt eðli málsins að túlka þróngt. Það er skoðun Yfirlasteignamatsnefndar að með endurhæfingu sé í lögum þessum einkum átt við einstaklingsbundna meðferð sjúklinga með skaddað hreyfikerfi af völdum slysa eða sjúkdóma. Af leyfisbréfi ráðherra svo og öðrum þeim gögnum sem frammi liggja í máli þessu þykir mega ráða að starfsemi Heilsuræktarinnar í Glæsibæ falli að hluta til undir þá þróngu túlkun laganna.

Með hliðsjón af gögnum málsins og því sem hér hefur verið rakið fellst nefndin á að Heilsuræktin í Glæsibæ njóti undanþágu frá fasteignaskatti að 1/3 frá þeim tíma er áður tilvitnuðum skilyrðum í leyfisbréfi Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins telst vera fullnægt.


Ú R S K U R D A R O R D :

Heilsuræktinni í Glæsibæ er skyld að svara fasteignaskatti af fasteign sinni í Álfheimum 74, Reykjavík svo sem hér segir:


Að fullu fyrir árin 1984 og 1985. Að 2/3 hlutum fyrir árin 1986, 1987 og 1988.



Pétur Stefánsson



Guðmundur Magnússon.



Arni Stefánsson